



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 7. febrúar 2020
SFS2019110080
179. fundur
HG/et

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi fjölda barna á biðlistum eftir sérfræðihjónustu hjónustumiðstöðva

Á 174. fundi skóla- og frístundaráðs, 12. nóvember 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um fjölda barna á biðlistum eftir sérfræðihjónustu sundurgreint eftir hverfum og hjónustumiðstöðvum

Auk þess lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins á 177. fundi skóla- og frístundaráðs, 14. janúar 2020 fram svohljóðandi ítrekun á fyrirspurninni:

Ítrekuð er fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks frá því í nóvember um stöðu biðlista eftir sérfræðihjónustu. Í ljósi þeirrar staðreyndar og fyrirliggjandi upplýsinga um fjölda barna í Reykjavík sem eru á biðlista eftir sérfræðiaðstoð er óskað eftir að fá sundurliðaðar upplýsingar eftir hverfum um stöðu biðlistanna.

Svar:

Fyrirspurninni var vísað til velferðarsviðs.

Meðfylgjandi er svar sviðsstjóra velferðasviðs, dags. 5. febrúar 2020.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 05.02.2020
VEL2019110013

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Svar við fyrirspurn um börn á biðlistum eftir sérfræðipjónustu

Óskað var eftir upplýsingum um fjölda barna á biðlistum eftir sérfræðipjónustu sundurgreint eftir hverfum og þjónustumiðstöðvum í bréfi dags. 14. nóvember 2019. Í neðangreindri töflu er að finna umbeðnar upplýsingar, annars vegar fjölda þeirra barna sem bíða fyrstu þjónustu og hins vegar fjölda barna sem bíða frekari þjónustu, sundurgreint eftir þjónustumiðstöðvum og þar með eftir hverfum.

Tekið skal fram að bið eftir fyrstu þjónustu þýðir að starfsmenn skólajónustu hafa sett sig í samband við tilvísanda, sem er í flestum tilfellum skóli, en ekki hefur verið rætt við barn/foreldri. Hins vegar kann að vera að önnur þjónusta t.d. ráðgjafar- og stuðningsþjónusta sé veitt til fjölskyldunnar og að barn hafi tekið þátt í námskeiðum á vegum þjónustumiðstöðva. Bið eftir frekari þjónustu felur í sér að forathugun hefur farið fram/eða einum þjónustuþætti er lokið en bið er eftir einhverjum öðrum þætti skólajónustunnar t.d. kennsluráðgjöf eða frumgreiningu sálfræðings.

Fjölgun tilvísana til skólajónustu hefur aukist um 23% á milli árána 2017 og 2019. Fjöldi barna sem þær varða hefur aukist um 18%. Árið 2017 voru 1.755 tilvísanir vegna 1.594 barna, árið 2018, 2.019 tilvísanir vegna 1.755 barna og árið 2019 voru 2.162 tilvísanir vegna 1.875 barna.

Fjöldi barna sem fá þjónustu innan þess árs sem tilvísun barst hefur að sama skapi aukist, úr 1.243 árið 2017, 1.457 árið 2018 og 1.481 á árinu 2019.

SKJALAVER HOFDATORGI	
06. FEB. 2020	
Mál nr.	SFS 2019-11-0080
Bréfalnúmer	4.4

<i>Fjöldi barna á bið eftir skólaþjónustu 1. janúar 2020</i>			
Þjónustumiðstöð	Biður frekari þjónustu	Biður fyrstu þjónustu	Samtals
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	18	127	145
Laugardalur og Háaleiti	81	138	219
Breiðholt	131	44	175
Árbær og Grafarholt	14	46	60
Grafarvogur og Kjalarnes	63	97	160
Samtals	307	452	759

Árið 2019 bárust 2.162 beiðnir til skólaþjónustu Reykjavíkurborgar vegna 1.875 barna. Í árslok hafði þjónusta hafist eða verið lokið í málum 79% barnanna.

<i>Fjöldi barna á bið eftir skólaþjónustu 1. janúar 2019</i>			
Þjónustumiðstöð	Biður frekari þjónustu	Biður fyrstu þjónustu	Samtals
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	12	107	119
Laugardalur og Háaleiti	29	99	128
Breiðholt	104	46	150
Árbær og Grafarholt	21	73	94
Grafarvogur og Kjalarnes	37	117	154
Samtals	203	442	645

Árið 2018 bárust 2.019 beiðnir til skólaþjónustu Reykjavíkurborgar vegna 1.755 barna. Í árslok hafði þjónusta hafist eða verið lokið í málum 83% barnanna.

<i>Fjöldi barna á bið eftir skólaþjónustu 1. janúar 2018</i>			
Þjónustumiðstöð	Biður frekari þjónustu	Biður fyrstu þjónustu	Samtals
Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	6	73	79
Laugardalur og Háaleiti	20	130	150
Breiðholt	106	30	136
Árbær og Grafarholt	9	126	135
Grafarvogur og Kjalarnes	59	82	141
Samtals	200	441	641

Árið 2017 bárust 1.755 beiðnir til skólaþjónustu Reykjavíkurborgar vegna 1.594 barna. Í árslok hafði þjónusta hafist eða verið lokið í málum 78% barnanna.

Neðangreind tafla sýnir samanburð á árunum 2017, 2018 og 2019:

Ár	Fjöldi beiðna	Fjöldi barna	Hlutfall lokið/þjónusta hafin í árslok	Fjöldi barna/þjónusta hafin eða henni lokið
2017	1.755	1.594	78%	1.243
2018	2.019	1.755	83%	1.457
2019	2.162	1.875	79%	1.481

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri